



Útilegumaðurinn ehf er umboðsaðili fyrir Dethleffs, Knaus, Weinsberg, Tab og Polar hjólhýsinn.

Dethleffs

KNAUS 

WEINSBERG



Velkomin í hópinn !

Starfsfólk Útilegumannsins óskar þér til hamingju með að vera komin í hóp eigenda hjólhýsa á Íslandi. Jafnframt viljum við þakka þér fyrir að hafa sýnt okkur það traust, að velja okkur sem þjónustuaðila fyrir ferðavagninn þinn.

Við væntum þess að ferðavagninn þinn eigi eftir að veita fjölskyldu þinni ómælda ánægju í frítíma ykkar á ferðalögum hérlendis sem erlendis. Mikilvægt er að læra vel á öll atriði varðandi notkun vagnsins og fara eftir þeim notkunarleiðbeiningum sem þið fáið og skráðar eru í þessari handbók.

Við höfum einnig sett í handbókina ýmsar hagnýtar upplýsingar varðandi eitt og annað varðandi ferðalög með hjólhýsi. Mikilvægt er að kynna sér þá þætti sem allra best. Allar ábendingar um það sem betur mætti fara í handbókinni eru vel þegnar, því hér er aðeins um fyrstu útgáfu slíkrar handbókar fyrir eigendur hjólhýsa á Íslandi að ræða og er það vilji okkar að á næsta ári komi hún út í endurbættri útgáfu.

Enn og aftur óskum við fjölskyldu þinni góðrar ferðar og ánægjulegrar dvalar í nýja ferðavagninum.

Starfsfólk Útilegumannsins





- Geymið skráningarskrirtein-



ið í hjólhýsinu.

-Hafið samband við tryggingarfélagið ykkar og kynnið ykkur þau kjör sem bjóðast á markaðnum.

Skráningarskyld tengitæki:

Á Íslandi eru öll hjólhýsi skráningarskyld, sem þýðir að þau verður að skrá þegar þau eru ný og fá þá fast númer í ökutækjaskrá. Skráningarskrirteinið er vottun þess að hjólhýsið hafi verið framleitt í samræmi við þær reglur sem um þau gilda. Sem dæmi þá eru mjög strangar reglur um hemlakerfi hjólhýsa, sem ætlað er að tryggja öryggi í umferðinni. Í skráningarvottorðinu kemur einnig fram framleiðslunúmer hjólhýsisins, stærð þess, lengd og breidd ásamt þyngd, leyfileg hjólbarðastærð ásamt öðrum eiginleikum hjólhýsisins og eiganda þess.

Öll hjólhýsi sem Útilegumaðurinn ehf flytur inn eru framleidd samkvæmt ströngustu öryggis og gæðastuðlum í Evrópu og samþykkt af Umferðarstofu. Útilegumaðurinn afhendir öll sín hjólhýsi, skoðuð og með númeraspjaldi, til sinna viðskiptavina.

Tryggingar:





Ekki er lögboðin ábyrgðatrygging af hjólhýsum á Íslandi í dag. Þegar þau eru tengd við ökutækið sem dregur það, þá falla þau undir tryggingu þess. Margir kjósa hins vegar að kaupa á hjólhýsið kaskótryggingu sem verndar þá fyrir tjóni hvort heldur sem hjólhýsið er dregið af ökutæki eða það stendur eitt og sér einhvers staðar. Kynnið ykkur þessi atriði hjá tryggingarfélagi ykkar. Hafi fólk notið aðstoðar lánastofnunar við kaup á hjólhýsinu gerir viðkomandi stofnun oftast kröfu til þess að hjólhýsið sé kaskótryggt þann tíma sem fólk er að greiða það upp.

Þjónustuhandbókin:

Þjónustuhandbókin er upplýsingarit fyrir eigendur hjólhýsa og er ætlast til þess að hún fylgi hjólhýsinu. Þegar þú færð hjólhýsið afhent þá hefur ráðgjafi Útilegumannsins fyllt út upplýsingar um hjólhýsið aftarlega í handbókinni. Við afhendingu hjólhýsisins fær eigandi auk þess tilsögn og kennslu í öllum þeim þáttum sem lúta að hjólhýsinu sjálfu. Handbókin er síðan hugsuð sem uppflettirit fyrir eigandann hvenær sem hann þarf á að halda.

2. prentun mars 2015

- Má bíllinn draga
- Festið hliðarspegla
- Lokið gluggum og hurðum.



- Kynnið ykkur hvað má setja mikið af farangri í vagninn.

- Rétt hleðsla vagnsins er mikilvægt öryggisatriði við aksturinn.

Hvernig við hengjum vagninn aftan í !

Mikilvægt er að vera fullviss um að bifreiðin sem draga á hjólhýsið ráði örugglega við það. Upplýsingar um það fást í skoðunarvottorði bílsins. Sé bifreiðin mjórri en húsið þarf að nota hliðarspegla til að sjá vel aftur fyrir húsið. Hliðarspeglar fást í nokkrum gerðum en mikilvægt er að velja spegla sem passa vel á þá spegla sem fyrir eru á bílnum.

Hér er komið að því að festa húsið á bílinn. Hjólhýsin sem Útilegumaðurinn flytur inn eru með tvenns konar festibúnaði og fer það eftir því hvort þau eru smíðuð á AL-KO grind eða BWP. Báðar gerðirnar teljast með þeim öruggustu sem völ er á í Evrópu og samþykktar af öllum umferðarstofum álfunnar. Farið eftir meðfylgjandi myndum við að tengja hjólhýsi og bíl saman. Áður en þið byrjið á því skuluð þið skrúfa stuðningsfætur vagnsins upp, hafi þær verið settar niður þar sem vagninn var í geymslu.

Gætið þess vandlega að taka ekki mikið á þessu til þess að láta það falla rétt sama. Hér þarf ekki átök heldur lag eins og með svo marga hluti í hjólhýsinu. Ef ykkur finnst að þurfi mikil átök eða jafnvel að nota líkamspunga (fætur) til þess að þetta smelli saman, þá er næsta víst að þið eruð að gera eitthvað rangt og borgar sig þá að yfirfara alla hluti vel og vandlega og reyna aftur. Setjið alls ekki feiti á kúluna því hún á að vera hrein og þurr til að öryggi sé sem allra best tryggt.

Þegar tengibúnaðurinn situr rétt á kúlu bílsins og þið búin að læsa festingunni þá skuluð þið skrúfa nefhjólíð fast í raufina og draga það upp og festa það vel á sinn stað. Einnig skuluð þið gæta þess að handhemill hjólhýsins sé ekki á, því ef slíkt gerist í akstri eyðileggur hann bremsuborða og bremsuskálar á tiltölulega skömmum tíma.

Tengið síðan rafmagnið og öryggisvirinn á sinn stað og gætið að hvort öll ljós virki ekki eins og til er ætlast. Gott getur verið að ganga einn hring í kring um vagninn og líta yfir ljós, loftlúgur og glugga og kanna tengingar við dráttarkúlu aftur.

Akið aldrei af stað með glugga, loftlúgur eða hurðir opnar. Slíkt getur valdið því að inni í vagninum verði ekki sá þrýstingur sem þar á að vera til þess að halda ryki frá honum. Auk þess sem skemmdir geta orðið á þessum hlutum ef gleymist að loka áður en ekið er af stað.

Gagnlegt getur verið að mynda sér nokkurs konar verklagsreglu "ferli" áður er farið er af stað hvort heldur sem er áður en farið er í ferð eða áður en lagt er af stað heim. Farið inn í vagninn og á baðið athugið topplúgu, sturtuhengi og lausa hluti á baðinu. Gætið að hvort hurðin sé læst, ekkert laust í svefnrymi á rúnum og gluggar lokaðir í þeim tilfellum sem það á við. Skilrúmsveggir mega ekki vera lausir. Gætið að því hvort þilin séu smellt föst með ólunum. Gangið á alla skápa gætið að hvort þeir séu lokaðir. Í stofu athugið þið hvort eitthvað sé laust. Hurðin á fataskápnum á að vera lokað o.s.frv. Sama á við utan á vagninum, ganga hringinn og athuga glugga og ljós.

- Akið varlega
- Okkur liggur ekki lífið á

- Mikilvægt er að loftþrýstingur í dekkjum sé réttur. Mælið hann reglulega. Dekkjastærð/þrýstingur í pundum:

185 R 14C
á að vera 65 pund
185 R 15C
á að vera 65 pund



Notið rétta rafmagnssnúru til þess að tengja ykkur með. 2,5 kvaðrata snúra hentar vel.



- Level up kubbarnir geta verið ákaflega gagnlegir komumst við ekki hjá því að leggja í hliðarhalla.



- Hugið að frágangi rafmagns þar sem þið dveljið.

Gætið að hleðslu vagnsins:

Þegar farangrinum er raðað inn í vagninn er mikilvægt að gæta þess að hlaða hann rétt. Hafa sem jafnasta hleðslu. Vagninn er byggður þannig að fyllsta jafnvægis sé gætt milli þyngdar fram og aftan í vagninum og eins hvað varðar hliðar hans. Þessu jafnvægi megum við ekki breyta ætlum við að halda stöðugleika hans réttum. Liggi hann of þungt á beislinu eða of létt hefur það áhrif á aksturseginnleika bílsins og einnig ef meiri þyngd liggur í annarri hlið hans en hinn. Gætið að loftþrýstingi í hjólbörðum bæði hjólhýsins og bílsins.

Þá er allt klárt til þess að leggja af stað:

Gætið þess að aka varlega því örðuvísi er að aka með aftanivagn en að aka aðeins bifreiðinni sjálfri. Farið aldrei yfir lögleg hraðamörk og gætið þess að hraðatakmarkanir fyrir bifreið með aftanivagn eru aðrar en fyrir bifreið án hans. Venjulega 10 km lægri.

Sýnið kurteisi og tillitsemi í umferðinni. - Okkur liggur ekki lífið á.

Næturstaður valinn:

Við veljum okkur skemmtilegan stað til þess að stoppa á. Best er að finna stað sem er nokkuð sléttur. Hliðarhalli er óþægilegur til að vera í en halla fram og aftur er auðveldara að rétta af með því að nota stuðningsfæturnar og nefhjól vagnsins. Varast ber að nota stuðningsfæturnar sem tjakka til að lyfta vagninum. Þeir eru einungis til þess að gera vagninn stöðugri.

Þegar vagninn hefur verið tekinn aftan úr þá er rétt að reyna að fá gólfblöt hans láréttan. Við höfum reynt að leggja ekki í hliðarhalla og því þurfum við aðallega að huga að því að hann halli ekki aftur eða fram. Nú notum við nefhjól til þess að spyrna honum upp eða niður hvort sem við á. Þegar lárétrri stöðu er náð þá spyrnum við stuðningsfótunum niður dálítið fast, því alltaf sigur fósturjörðin eitthvað undan þunganum. Margir hafa klossa (tré, málmplötu eða platta) undir stuðningsfótunum svo þeir sökkvi ekki um ofaní jarðveginn.


Á áfangastað:

Þegar hér er komið er hægt að fara að koma sér fyrir. Vilji maður tengjast rafmagni þá er rétt að byrja á því. Mikilvægt er að hafa allar framlengingar-snúrur úr sem bestu efni því þær þurfa að þola regn og jafnvel átroðning og eftir því sem snúran er lengri því meiru tapar hún af raforku. Æskilegt er að hafa a.m.k. 2,5 kvaðrata snúru til að flytja hjólhýsinu rafmagn fari vegalengdin yfir 10 metrar. Gætið þess að leggja snúruna þannig að ekki stafi hætta af henni, að menn og málleysingjar flæki sig ekki í henni. Séu menn með snúru á kefli er nauðsynlegt að vefja snúruna alla af keflinu. Samskeyti á snúrunni er líka gott að verja vel fyrir regni og uppstreymi daggar úr jörðinni eftir sólrikan sumardag.

Þegar við höfum tengt rafmagnið getum við farið að nota það til þeirra hluta sem við viljum en jafnframt fer hleðsla rafgeymisins í húsinu af stað.



-Aðgát skal höfð við meðferð á gasi.



-Þessa krana finnur þú í einum skápnum, oftast undir eldavélinni.

Gaskúturinn:

Margir kjósa að hafa tvo gaskúta og er vissulega ákveðið öryggi í því. Hérlendis eru einkum í boði þrjár gerðir gaskúta (með própangasi) og hægt að nota þær allar í hjólhýsinu. Gulir kútar hafa mest verið notaðir fram undir þetta ásamt hvítu grillkútunum, en nú á seinni árum hafa plastkútar í auknu mæli rutt sér til rúms. Þeir þykja hentugir þar sem þeir eru miklu léttari og svo sér maður einnig magn gasins í þeim en, ókosturinn við þá er að þeir fást ekki alveg alls staðar á landsbyggðinni. Við afgreiðum húsið með því gastengi sem kaupandinn kys helst að hafa í því.

Þegar búið er að tengja og ganga frá gaskútum frammi í geymsluhólfinu þá er hann skorðaður fastur með þar til gerðum ólum.

Skipt um gaskút

Mikilvægt er að fara að öllu með gát þegar gas er notað. Gas er eldfim lofttegund og þyngri en andrúmsloftið og sekkur því niður á gólf (eða neðsta hluta þess rýmis sem það er í). Þegar þú færð vagninn afhentan hefur þjónustuverkstæði okkar þrýstiprófað allar lagnir vagnsins og kannað hvort það standist ekki álagið og leki ekki.

Mikilvægt er þegar skipt er um gaskút að tryggja það að ekki leki með festingunni. Herða þarf hana þéttingsfast til að tryggja það.

Hér til hliðar er mynd af þremur krönum sem eru inni í vagninum þínum, venjulega í skáp undir eldavélinni. Merkingar eru á krönum og er einn þeirra fyrir eldavélina (nr. 5), annar fyrir kæliskápinn (nr. 6) og sá þriðji fyrir hitakerfið (nr. 7). Venjulega lokum við ekki fyrir þessa krana, en segja má að þeir séu n.k. öryggi ef eitt tækið bilar þá getum við notað hin. Þurfum ekki að skrúfa fyrir allt gas. Ekki er mælt með því að aka með gaskútinn opinn, því er ráðlegt að skrúfa fyrir kranann á gaskútunum sjálfum þegar hjólhýsið er dregið milli staða og eins þegar það er ekki í notkun.

Allir ættu að láta yfirfara gasleiðslur í húsum sínum á tveggja ára fresti, þrýstiprófa þær og kanna leka. Þjónustuverkstæði okkar býður upp á slíka þjónustu.

Hitakerfin

Í hjólhýsunum er boðið upp á tvenns konar hitakerfi. Annars vegar er um að ræða Truma gasmiðstöð SL 3002, SLP 3002 eða SL 5002 og er það í flestum tilfellum stærð húsa sem ræður því hvaða miðstöð er notuð. Hún sér eingöngu um að hita upp húsið og út frá henni liggja barkar sem dreifa hitanum um húsið.



Hins vegar er það Alde hitakerfi en það er vatnshitakerfi sem sér um að hita bæði húsið, gólf hússins og neysluvatnið. Alde hitakerfið getur gengið hvort heldur sem er fyrir gasi eða rafmagni. Eini framleiðandinn okkar sem býður upp á val á hitakerfi er framleiðandi LMC hjólhýsa. Aðrir eins og Fendt, Bürstner og Knaus bjóða aðeins upp á gasmiðstöðvar og þá ef þeir bjóða upp á gólfhita þá er hann frá 230 V landrafmagni.




- Truma miðstöðin dreifir heitu lofti eftir börkum um hjólhýsið.



- Akið aldrei með glugga eða lúgur opnar. Lokið vandlega.
- Minni lúgur hússins geta opnast allt að 70°. Gætið þess að aka aldrei með lúguna opna.



- Mikilvægt er að festa þessa lúgu vel í þeirri stöðu sem hún er opin svo hún fjúki ekki upp.



- Mikilvægt er að beita aldrei átökum við að opna og loka lúgunni. Athuga málið vel því venjulegast þarf aðeins laga til að opna og loka henni. Ef ekki þá er eitthvað bilað.

Truma miðstöðvarkerfi.

Truma er ákaflega hjóðlát gasmiðstöð. Út frá miðstöðinni liggja tveir til þrjár barkar um húsið sem dreifa hitanum frá henni en lítill rafmagnsblásari fer af stað í miðstöðinni þegar ákveðnu hitastigi er náð. Hér til hliðar sjáum við eina gerð hennar. Til þess að kveikja á miðstöðinni þarf að halda hnappi 1 niðri og á sama tíma þarf að ýta á hnapp tvö til að kveikja. Sleppið hnappi 1 eftir ca 10 sek og þá á að vera kominn logi (vökulogi) sem þið sjáið í gegn um lítinn glugga á miðstöðinni. Komi loginn ekki skuluð þið byrja aftur og reyna svona tvisvar til þrisvar enn. Ef allt kemur fyrir ekki gætið þá að hvort nóg gas sé á gaskútum eða einhvers staðar lokað fyrir það. Sjáið þið logann í glugganum þá hefur miðstöðin farið af stað og þið stillið blásturinn með skífurni (ákveðið hversu hratt blásarinn á að snúast). SLP miðstöðvarnar eru með rafhlöðu kveikingu. Í þeim er loga náð þegar miðstöðin hættir að tifa. Rafhlöðurnar sem eru notaðar eru svokallaðar migioa rafhlöður og þurfa að þola 70°C hita.

Rafmagnshiti í gólfi.

Framleiðendur Fendt, Bürstner og Knaus hjólhýsanna bjóða upp á gólfhita í sínum húsum sem knúinn er 230 volta landrafmagni. eru þá þynnur í gólfplötunni sem hitna þegar rafstraumi er hleypt á. Þetta getur verið góður kostur fyrir þá sem ekki vilja stíga á kalt gólf þegar þeir koma fram úr. Takmörkunin í þessum búnaði er hins vegar að þetta er ekki hægt að nota nema hjólhýsið sé tengt 230 v rafmagni.

Gluggar og lúgur:

Gluggar hjólhýsins eru með tvenns konar gluggajárnum auk spennu sem halda glugganum vel lokaðum eins og myndin sýnir. Hakinu (1) er snúið í 90°. Takið eftir því að tvær raufir eru í festingunni og er glugginn ekki alveg lokaður nema festingin sé í innra hakinu. Ytra hakið er einkum til þess að gefa smá loftræstingu í húsinu ef hentar ekki að opna gluggann upp á gátt. Ein gerð gluggajárnanna er eins og myndin sýnir. Þú losar á skrufunni og herðir hana í þeirri stöðu sem þú vilt hafa gluggann opinn í. Hitt gluggajárnið er þannig að það læsist sjálf í ákveðinni stöðu en þegar þú vilt síðan loka glugganum þá verður þú að opna hann fyrst upp á gátt og loka síðan. Mikilvægt er að allir gluggar séu vel lokaðir þegar hjólhýsið er dregið milli staða.

Í allfelstum gluggum hjólhýsanna eru myrkvunartjöld og flugnanet. Sé vagninn látinn standa ónotaður lengi eins og t.d. í vetrargeymslu er gott að draga myrkvatjöldin og flugnanetin niður til að koma í veg fyrir að raki sem hugsanlega hefur myndast í þeim nái að mygla og gera á þau mygubletti.

Heki II lúga og aðrar loftlúgur.

Tvær til þrjár gerðir af loftlúgum eru í hjólhýsunum. Stærsta lúgan er svokölluð Heki II lúga. Þegar þið opnið hana þrýstið þið hnappi á festingu 1 inn og snúið, síðan lyftið þið lúgunni með handfanginu (nr 2) og getið fest það. Mikilvægt er að venja sig á það, því lítill vindsveipur getur auðveldlega feykt henni upp og þar sem hún er nokkuð stór er henni hættu búin því festing er aðeins á þremur lómum sem halda lúgunni við þak hjólhýsins.

- Kæliskáparnir í hjólhýsunum eru ýmist frá Dometic eða Thetford. Þrjár gerðir eru algengastar.



- Ein gerðin lítur út eins og myndin sýnir. Til vinstri er stillt á 12v, 230v eða gas. Fyrir miðju er læsingin á skápinn en til hægri er kuldastillir og ræsihnappur. Haldið kuldastilli niðri og smellið á ræsihnappinn noti þið gas sem orkugjafa.



- Þessi kæliskápur er ræstur með gasi á sama hátt og hér að ofan. Hægra megin við kuldastillinn er mælir sem gefur til kynna þegar kveikt er á kæliskápnunum.



- Lengst til vinstri er hnappur sem sér um að þurrka rakann úr kæliskápnunum. Næsti hnappur velur 12v, 230v eða gas og kveikir hann sjálfkrafa á því sem stillt er á. Hnappurinn til hægri er kuldastillir.



- Leggið aldrei hlífðarglerið ofan á hellurnar fyrr en þær eru orðnar alveg kaldar. Hitni glerið um of splundrast það í örsmáan salla sem dreifist um allt.

Kæliskápurinn í hjólhýsinu

Í hjólhýsunum er boðið upp á þrjár gerðir kæliskápa. Öllum er það sameiginlegt að geta nýtt þrjá orkugjafa, þ.e. 12 volt, 220 volt og gas. Öll umgengni um þennan kæliskáp er eins og um heimiliskæliskápinn, aðeins orkugjafinn er annar og mismunandi. Skoðum það nú örlítið betur.

12 volt.

Færið stillihnappinn á 12 volt. Þá vinnur kæliskápurinn þegar hleðsla er úr bílnum sem dregur hjólhýsið en aðeins þegar bíllinn er í gangi. Það er vegna þess að kæliskápnun nægir ekki einungis 12 volt heldur þarf að vera virk hleðsla í gangi 12,5 volt.

230 volt

Færið stillihnappinn á 230 volt og kviknar þá lítið ljós sem segir til um að kæliskápurinn hafi náð sambandi og sé farinn að vinna. Kæliskápurinn er viðkvæmur fyrir spennufalli og lágrí spennu. Á tjaldsvæðum þar sem hætta er á slíku mælum við með því að nota kælinn fremur á gasi en rafmagni.

Gas

Stillið á gas á kæliskápnunum. Á sumum skápum þarf aðeins að snúa hnappnum í þessa stöðu og kviknar þá á honum en í öðrum þarf að halda niðri hnappnum og ýta á smelluhnapp. Þar sem þess konar útbúnaður er getur maður í sumum tilfellum séð vökulogann inni í kæliskápnunum í gegn um lítið auga sem oft er miðja vegu inni í skápnunum.

Hvernig svo sem kæliskápurinn er í hjólhýsinu þá er mikilvægt að hann sé vel lokaður og læstur þegar hjólhýsið er á hreyfingu. Læsingin er venjulega sleði sem dreginn er til hliðar. Ef frystihólf er aðskilið er annar sleði á því.

Sé kæliskápurinn ekki notaður lengi og ekki hafður í gangi, t.d. í vetrargeymslu er mikilvægt að hafa hann ekki alveg lokaðan heldur smá rifu á honum svo loft eigi greiðan aðgang að honum. Þetta er gert svo síður myndist fúkkalykt í kæliskápnunum.

Eldavélar hjólhýsanna

Allar eldavélarnar eru með svokölluðum öryggisloka sem sér um að loka fyrir gasstreymi til hellunnar ef eldurinn deyr af öðrum orsökum en gasleysi. Hérlandis má ekki selja aðrar gaseldavélar en þær sem eru með þann búnað.

Þegar kveikt er á eldavélinni er ýtt á hnappinn og eldur borinn að miðju hellunnar þar sem gasraufirnar liggja. Haldið hnappnum niðri í smá stund, nokkrar sekúndur, eftir að fer að loga, sleppið og veljið það logamagn sem hentar (frá 1 til 3). Gætið þess að aldrei séu eldfimir hutir nálægt hellunni því hér er opinn eldur á ferðinni sem brætt getur það sem hann nær í. Eins og heima hjá ykkur veljið þið hellu eftir stærð pottanna. Lítil hellu á stórru hellu skapar enn meiri hættu á því að eitthvað bráðni í kring um hann.

Einnig er mikilvægt að leggja ekki lokið ofan á vélina fyrr en hún er köld. Glerið þolir ekki hitann af loganum og springur þá í mjög smáan salla.



-Rafmagns vatnshitari.



-Hér sjáum við stjórnborð fyrir Truma gasboiler.

-Dósamatur og þungir hlutir í neðri skápana. Það sem léttara er geymt við í efri skápunum.



-Gleymið ekki að læsa frysti og kæliskápnunum þegar þið dragið hjólhýsið milli áfangastaða.

Rafmagns vatnshitari:

Einfaldasta lausnin í hjólhýsum hvað varðar heitt vatn er að hafa í þeim 5 lítra rafmagnsvatnshitara. Erum við þá algerlega bundin við tengingu við 230 V straum til þess að hann gagnist okkur. Hann er líka þeim takmörkunum háður að hann getur vart hitað vatnið meira en í 55°C.

Heitt vatn með gasboiler:

Algengt er að í þeim húsum sem ekki eru hituð upp með Alde hitakerfinu sé svokallaður gasboiler sem sér hjólhýsinu fyrir heitu neysluvatni. Er þetta n.k. vatnstankur vel einangraður sem knúinn er gasi. Venjuleg stærð hans er 14 lítrar og nær hann að hita það vatnsmagn upp í u.þ.b. 70°C. Á stjórnborði boilersins sem er inni í hjólhýsinu er termostat þar sem þú stillir það hitastig sem þú kýst að hafa á heita vatninu. Er hann þá ekki í gangi nema þegar hitastigið í honum er komið niður fyrir það sem þú stilltir á. Auk þess er rofi til þess að kveikja og slökkva.

Eldhúsið skipulagt:

Eins og í eldhúsinu heima hjá okkur þurfum við að skipuleggja allt á sem hagkvæmilegastan og þægilegastan máta. Við þurfum að vera þess meðvituð að við tökum ekki alveg öll þægindin með okkur í útileguna.

Má þar kannski fyrst nefna að vatn höfum við að takmarkaðra leyti en heima í eldhúsi hjá okkur. Flest hjólhýsi hafa aðeins 44 lítra vatnstank og þau deila því á bæði heitt og kalt vatn. Þó hafa þau hjólhýsi sem eru með gasboiler 14 lítra umfram sem eru í hitavatnsgeyminum.

Við getum því ekki leyft okkur að láta hvorki heitt né kalt vatn renna ótæpilega niður heldur þurfum við að nýta hvern vatnsdropa vel.

Annað atriði sem mikilvægt er að benda á er röðun matvæla í skápa hjólhýsins. Markmið okkar er að raska ekki því jafnvægi sem hjólhýsið er hannað fyrir og einnig það að hafa þyngdarpunkt þess sem neðstan. Þetta eykur á stöðugleika hjólhýsins í drætti. Þess vegna röðum við þeirri matvöru sem er þyngst í neðri skápana í eldhúsinu en það sem léttara er höfum við í efri skápunum.


Í sumum gerðum hjólhýsa eru útdregnar grindur í skápunum. Mikilvægt er að festa þá sleða áður en ekið er af stað. Venjulegast er einhver klinka eða krókur til þess að læsa þessu. Einnig þurfum við að passa upp á að allir skápar í hjólhýsinu séu vel lokaðir.

Gætið að kæliskápnunum:



Mikilvægt er að kæliskápurinn sé læstur þegar við erum með hjólhýsið á akstri. Einnig ef frystir er aðskilinn þá ber að læsa honum á sama hátt. Gætið þess að hafa ekki opin glös, flöskur eða mjólkurfurnur í kælinum því þegar ekið er af stað skvettist upp úr þessum ílátum ef þau eru ekki vel lokuð. Þegar hjólhýsið okkar er ekki notað lengi þá ráðleggjum við að taka straum af kæliskápnunum og öll matvæli úr honum. Til þess að varna því að inni í honum myndist einhver fúkkalykt er best að hafa hann að hálfu leyti opinn en á lásnum á mörgum kælum er ein stilling sem býður upp á það.

-Gætið fyllsta hreinlætis við áfyllingu vatns í vatnstankinn.

-Notið íblöndunarefni í vatnið ef þið teljið ástæðu til.



-Hakið er fært og þá opnast niður í rotþróna. Ýtir á bláa hnappinn til að sturta niður. Bláa svæðið gefur til kynna vatnsmagnið til að sturta niður með en það gráa segir til um magn í rotþrónni



- Blandið hreinsi- og rotvarnarefni í réttum hlutföllum.

Vatnstankurinn:

Í hjólhýsunum frá okkur er venjulega 40 eða 76 lítra ferskvatnstankur. Mikilvægt er að setja aldrei á hann annað er hreint vatn og gæta þess þegar sett er í hann að ekki berist nein óhreinindi í vatnið né á lok tanksins því öll óhreinindi geta valdið óværu í tanknum. Gott getur verið að setja Aqua clean dropa í neysluvatnið en það kemur í veg fyrir að einhver gerlamyndun eigi sér stað í tanknum þó svo að í hann berist vatn sem ekki er nægilega hreint. Standi hreint vatn lengi í tanknum óhreyft myndast alltaf einhver óhreinindi í því. Eigi hjólhýsið að standa lengi ónotað getur verið gott að tappa vatninu af því og hafa botnfallsloka opinn.

Klósettið:

Í langflestum hjólhýsum eru notuð Thetford klósett. Þau eru raunar notuð í flestum gerðum hjólhýsa og húsbíla. Búnaðurinn samanstendur af klósettinu sjálfu með búnaði til að sturta niður, 15 lítra vatnstank fyrir það vatn sem notað er til að sturta niður með og rúmlega 19 lítra rotþró. Gæta þarf þess að rotþróin sitji stöðug á sínum stað og að hakið (efri myndin) smelli rétt. Til þess að losa hana þarf að ýta því upp. Ef rotþróin situr ekki alveg rétt getum við ekki sturtað niður inni á klósettinu. Eins getum við ekki dregið rotþróna út nema klósettið sé lokað.

Skoðið myndina hér til hliðar. Númer 5 er handfang til þess fallið að bera rotþróna eða draga(sé hún á hjólum). Tappinn nr 6 er losaður þegar tæma skal rotþróna. Stútnum snúið og sturtað ofan í þar til gerðan losunarskaf eða safnþró. Gott getur verið að ýta á hnappinn nr 7 til þess að hleypa lofti inn í rotþróna svo rennsli úr henni verði sem jafnast.

Til þess að varna allri lykt frá salerninu er mikilvægt að nota sótthreinsi- og rotvarnarefni. Í 15 lítra tankinn sem fyllt er í utan frá húsinu setjum við sótthreinsiefni og blöndum það í þeim hlutföllum sem gefin eru upp með efninu af framleiðanda þeirra. Í rotþróna setjum við rotvarnarefni sem einnig er uppgafið á umbúðunum í hvaða hlutföllum það skal blandast. Mikilvægt er að blanda rétt svo hvorki komi lykt frá rotþrónni né heldur af mikil hreinsiefnalykt inn í hjólhýsið.

WC pappír –í salernin er nauðsynlegt að nota klósettpappír sem er fljótur að brotna niður og eyðast. Við mælum sérstaklega með vörum merktum AQUA til þessara nota. Þessi pappír fæst hjá flestum þeim sem selja ferðavagna með þessum klósettum í.

AQUA KEM GREEN er efni sem við setjum í rotþróna á klósettinu. Framleiðandi gefur upp blöndunarhlutfall efnisins. Kynnið ykkur vel leiðbeiningarnar utan á brúsanum. Þetta efni flytjir fyrir niðurbroti þess sem lendir í rotþrónni og er nauðsynlegt að nota svo ekki komi slæm lykt út af salerninu.

AQUA KEM RINSE er efni sem blandað er saman við vatnið sem sturtað er niður með. Þetta efni er sótthreinsandi og gefur frískandi ilm á salernið. Blöndunarypplýsingar eru á brúsanum og mælum við með því að farið sé eftir þeim.



Hvernig er best að þrifa:

Áklæði:

Tauáklæðin eru öll ofin með teflonhúðuðum þræði og þess vegna niðsterk og draga ekki til sín mikil óhreini. Best er að þrifa þau með volgu vatni til að tryggja að blettur sitji ekki eftir. Leðuráklæði skal þrifa með hreinsiefnum sem sérstaklega eru ætluð til þeirra hluta.



Gluggatjöld:

Æskilegt er að setja gluggatjöldin ekki í þvottavél heldur að þurrhreinsa þau þar sem hættu getur verið á að þau hlaupi í þvotti.

Húsgögnin:

Húsgögnin í hjólhýsinu má þvo líkt og önnur húsgögn. Borðplötum er strokið af líkt og í eldhúsinu heima. Gætið þess þó að nota ekki grófa klúta því þeir gætu rispað plasthúðina á borðplötunni. Hliðar húsgagnanna og veggir er í lagi að þrifa með rakri tusku og nota léttu sápublöndu.



Baðherbergið:

Plasthluti baðherbergisins má aðeins þrifa með léttu sápublöndu og vatni. Til að koma í veg fyrir að skemma glansann á plasthluta innréttinganna notið þá **alls ekki** nein kemísk efni eins og lakkhreinsi, terpentínu, naglalakkleysi eða önnur skyld efni til að þrifa með.

-Sterk kemísk þvottaefni henta ekki til þrifa í hjólhýsinu

Klósettið:

Nota má öll venjuleg hreinsiefni til að þrifa plasthluta klósettsins. Betra er þó að nota mildari þvottaefni en þau sterkari. Sé passað upp á að blanda sótthreinsiefninu í réttum hlutföllum í tankinn sem geymir vatnið fyrir að sturta niður er ekki mikil hættu á að óhreini myndist.



Rotþró klósettsins er best að skola með hreinu köldu vatni í hvert skipti sem hún er tæmd. Víðast hvar er rennandi vatn við hlið þeirra niðurfalla sem ætlast er til að menn losi ferðasalerni sín.

Eldavél og vaskur:

Best er að taka grindurnar af en það er gert með því að kippa í þær þá koma þær upp. Gætið þess að plasttapparnir glatist ekki. Grindurnar er best að þvo upp úr heitu vatni og bursta með uppþvottabursta. Botninn á vélinni þrifið þið með blautri tusku og varist að nota bursta sem gæti rispað og alls ekki stálull til þess að ná óhreindum af slíkt getur rispað eldavélina og eyðilaggt. Gæti þess einnig að ekkert rusl eða þess háttar fari ofan í gasraufarnar. Gætið þess einnig að aldrei komist vatn ofan í gaslagnirnar. Gasspíssana sjálfa getur verið gott að bursta með mjúkum bursta en passa þarf að óhreini fari ekki ofan í þá.



Eldhúsvaskinn þrifið þið með sápuvatni en alls ekki að nota stálull til að fjarlægja óhreini úr honum.

-Notið aldrei stálull eða þess háttar til þess að nudda óhreini af vaski, eldavél eða öðrum hlutum í hjólhýsinu.




Umngengnin lýsir innra manni:

Mikilvægt er að sá sem ferðast og býr í hjólhýsi geri sér grein fyrir því hvernig það er byggt. Ekki er um sama styrk innréttinga og húsbúnaðar að ræða og á þínu heimili. Í hjólhýsinu er kappkostað að hafa allt sem léttast en jafnframt sterkt. Allt pláss er nýtt til hins ýtrasta og hlutunum haganlega fyrir komið. Við innréttingu íbúðarhúsnæðis er kannski ekki horft eins á þessa hluti. Mikilvægt er að beita ekki átökum við það sem við gerum, skella ekki hurðum eða rífa í þær. Almenna reglan er sú að ef hlutirnir ganga ekki upp án átaka þarf bara eitthvert lag til þess að svo verði. Efri kojur kojuhúsa bera yfirleitt ekki nema 80 kg þunga, og eru ekki hugsaðar sem leiksvæði fyrir börnin.



Affallstankurinn:

Í mörgum hjólhýsum fylgir affallstankur. Venjulegast er hann geymdur í lestinni fremst á húsinu hjá gaskútunum og varadekkinu. Affall frá eldhúsvaski og sturtu er samtengt undir húsinu og kemur niður í einum stút sem venjulegast er fyrir aftan hjól hússin. Þú skrúfar lokið af affallstanknum og bregður honum undir til þess að affallið renni ekki beint niður á tjaldsvæðið heldur safnist saman. Tankurinn er síðan tæmdur í næstu rotþró eða á þar til gerðum vöskum. Gangið snyrtilega um tjaldsvæðið og skiljið það eftir eins og þið vilduð koma að því.



Loftræsting:

LMC hjólhýsið er byggt á þann veg að öll loftskipti og loftflæði vagnsins sé mjög þægilegt fyrir notendur hans. Loftúður eru á þaki hjólhýsins og einnig á botni (undir bekkjunum) sem koma í veg fyrir að dauðir loftpollar myndist. Nokkur atriði geta þó valdið röskun á þessu loftflæði og má þar nefna matargerð, þegar mikið sýður á eldavélinni, þegar komið er inn úr rigningu og fatnaður rennandi blautur m.a. Mikilvægt getur þá verið að lofta út, opna loftlúgur og jafnvel glugga og flýta þannig fyrir loftskiptum í hjólhýsinu. Það kemur líka í veg fyrir að einhvers staðar myndist raki inni í húsinu og svo að sjálfsgöðu gefur það okkur betra andrúmsloft.



Veðráttan:

Þrumuveður og fellibyljir eru ekki algeng fyrirbæri í veðráttu okkar á Íslandi. Slíkt getur þó gerst séum við á ferðalögum í hjólhýsinu okkar á erlendri grund. Mikilvægt er þá að aftengja landrafmagn, taka 230 V strauminn úr sambandi. Einnig að halda kyrru fyrir á þeim stað sem við höfum komið okkur fyrir og bíða þess að veðrið gangi yfir.

Á Íslandi þekkjum við hins vegar talsvert rok og fáir þekkja afleiðingar þess jafn vel og við sjálf. Ekki er til neinn stuðull fyrir veður eða þann vindstyrk sem hjólhýsi eiga að standast. Mikilvægt er að vera ekki með þau á ferð ef rok er komið mikið yfir 8 til 10 m/sek. Fer það þó eftir því hversu öflugur bill er að draga hjólhýsið, hversu þungt hjólhýsið er og hvernig vindáttin er (staðbundin eða sviftivindar).

Við mælum eindregið með því að þið bíðið storminn af ykkur því þið eruð vissulega með þennan fina íverustað – hjólhýsið – með ykkur, fremur en að tefla í tvísýnu með fjölskyldunni.

Upplýsingar um veður eru veittar í síma Veðurstofu Íslands 902 0600



- Hér er verið að taka saman fortjald. Gæta þarf þess vel að pakka því ekki blautu saman í lestar hússins því það gæti myglað og skemmst ásamt því að skemma út frá sér.



- Hafið þið komið ykkur upp verkaskiptingu þegar þið takið saman.
- Hafa allir fjölskyldumeðlimir fengið sitt hlutverk í því.

Nokkur heilræði þegar tekið er saman eftir dvölinu:

1. Gangið frá öllu lauslegu þannig að ekkert geti hreyfst í skápum. Tryggið að þeir séu vel lokaðir og þungir hlutir í þeim ekki hreyfanlegir þannig að þeir geti opnað skápana. Hafið ekki lausa muni í hillum eða á borðum þar sem þeir gætu farið af stað þegar ekið er.
2. Gætið að því hvort sjónvarp sé fast í skápnum eða takið það niður og hafið á gólfinu svo ekki sé hættu á því að það falli niður og brotni. Dragið sjónvarpsloftnet niður.
3. Lokið öllum gluggum og lúgum vandlega. Gætið einnig að því að lestarlúgur séu vel lokaðar og ekki er verra að læsa þeim.
4. Skrúfið stuðningsfæturna upp og tryggið að þær losni ekki og sígi niður þegar ekið er af stað. Gangið frá snúningssveifinni á sinn stað í húsinu þannig að hún verði ekki eftir. Aftengið einnig rafmagnskapla, hafið þið notað rafmagn á svæðinu, og komið þeim fyrir í húsinu sjálfu. Gætið að stillingu á ísskápnum.
5. Festið hjólhýsið á bílinn. Verið viss um að kúlan sitji rétt og klemmið tengin utan um kúluna, dragið nefhjólíð upp og herðið þéttingsfast svo það losni ekki við aksturinn. Sé þörf á hliðarspeglum þá setjið þá á og stillið rétt.
6. Gleymið ekki að taka affallskútinn undan og tæma hann ef aðstaða er til þess á svæðinu þar sem þið eruð.
7. Gott er að koma sér upp ákveðnu ferli til að fara eftir þegar gengið er frá eftir dvölinu á hverjum stað eins og áður en við leggjum af stað í ferð. Heppilegt getur verið að hver og einn ferðafélagi hafi ákveðið hlutverk á sinni könnu. Slíkt er þó eitthvað sem fjölskyldan kemur sér saman um að gera.

Hirðið ruslið eftir ykkur og hendið því í þar til gerða gáma. Þannig skiljum við tjaldsvæðin eftir eins og við viljum koma að þeim. Akið varlega á næsta áfangastað.



Aukabúnaður:

Margir kjósa að setja í hjólhýsin sín ýmsan aukabúnað og má þar m.a. nefna:



Grjótgrind: Margir hjólhýsaeigendur kjósa að setja grjótgrind á hjólhýsið sitt. Tilgangurinn með því er einkum tvíþættur. Annars vegar eru menn að setja þær á til þess að hlífa hjólhýsinu fyrir grjótkasti frá bílnum sem dregur það og hins vegar að hlífa bílnum fyrir endurkasti grjóts frá húsinu. Við mælum eindregið með því að slík grind sé sett á hjólhýsið þar sem hún er mun ódýrari en viðgerðir á bæði bíl og húsi. Grindinni er komið fyrir framan á beisli hússins og þess gætt að hún sé jafn breið húsinu og að aðgangur að geymslulúgu sé sem greiðastur.



Fortjöld: Margir vilja hafa fortjald með í ferðum. Á öllum hjólhýsum er sérstök rauf á hlið hjólhýsins sem kyll fortjaldsins er settur í. Gefur fortjaldið mjög skemmtilegt pláss í tengslum við hjólhýsið og segja má að það stækki setustofuna. Fortjald nýtist líka vel þegar eitthvað er að veðri, rok og rigning. Margir hafa hita í fortjöldum sínum og kynda þau upp með lausum gasofnum og einnig býr fólk þau ríkulega af húsgögnum. Útilegumaðurinn býður ykkur fortjöld á hjólhýsið ykkar frá breska fyrirtækinu Blue Diamond. Þau þykja ákaflega sterk og vönduð.



Skyggni: Einn möguleikinn til að hafa svolítið skjól fyrir framan hjólhýsið fyrir regni er að hafa á hjólhýsinu skyggni. Er það í flestum tilfellum fest í fortjaldsraufina á hjólhýsinu. Skyggnið er haft fast á húsinu og ekki tekið niður heldur er því rullað út með handsveif þegar það er notað. Mikilvægt er að gæta þess vel þegar það er dregið inn að það sitji rétt í því slíðri sem því er ætlað að læsast í. Einnig er mikilvægt að renna því alltaf inn á kvöldin áður en fólk gengur til náða því lítil vindhviða og mikil rigning geta skemmt skyggnið.



Bakarofn: Bakarofn getur verið þægilegur á ferðalögum hvort heldur er til baksturs eða steikingar. Bakarofnarnir sem við bjóðum upp á eru gasofnar af bestu gerð. Ákaflega öruggir og með sérstaklega góða hitadreifingu. Þeir henta mjög vel til baksturs svo og einnig steikingar þegar ekki viðrar fyrir útigrillið þá getur verið gott að geta skellt helgarsteikinni í ofninn.



Sjónvörp: Margir vilja hafa sjónvarpstæki með á ferðalagi. Útilegumaðurinn býður upp á sjónvörp sem henta ferðavögnum. Eitt af því sem mikilvægast er að glöggva sig á er að loftnet þarf að vera gott til að geta nýtt sér þau skilyrði sendinga sem eru a.m.k. hér á landi. Í mörgum hjólhýsum er sjónvarpsskápur þar sem gert er ráð fyrir sjónvarpi. Eins eru armar af ýmsum gerðum orðnir sívinsælli í hjólhýsum og henta þeir mjög vel fyrir flatskjártæki sem eru sífellt vinsælli í hjólhýsunum. Gæta þarf þess þó að sjónvarpið sé vel stöðugt og hreyfist ekki þegar ekið er á milli staða. Einnig þarf að passa að draga sjónvarpsloftnet niður áður en ekið er af stað



Boiler: Gasboiler er settur í mörg hús til þess að hita neysluvatnið. Höfum við þá yfir að ráða u.þ.b. 12 til 14 lítra af heitu vatni í vask og sturtu. Eins og nafnið gefur til kynna þá er orkugjafi gasboilersins gas eingöngu. Inni í hjólhýsinu eru síðan stjórn tækin fyrir boilerinn en þar getur þú valið í hversu hátt hitastig þú vilt láta hann hita.

Sólarsella: Þægilegt getur verið að hafa sólarsellu á húsinu. Hún sér um að framleiða rafmagn svo lengi sem einhverrar birtu nýtur. Þær sólarsellur sem eru algengastar hjá okkur framleiða 85 w pr. klst. við bestu skilyrði, glampanði sólskin beint ofan á selluna. Gott getur verið að bæta auka rafgeymi við í húsið til þess að tryggja meira magn raforku. Fer þetta þó allt eftir því á hvern hátt fólk ætlar að nýta sér húsið.

- Sólarsellur framleiða rafmagn inn á rafgeyminn alltaf þegar birtu nýtur. Látið fagmann ganga frá sellunni á húsið ykkar.

Fjölga lestunarlúgum: Mörgum þykir þægilegt að hafa lestarlúgur undir öllum geymsluhölfum í vagninum en venjulegast fylgir aðeins ein lúga nýjum hjólhýsum nema annað sé pantað sérstaklega. Hægt er þá að setja farangur í hjólhýsið utan frá alls staðar þar sem pláss er fyrir slíkt.

Sjónvarpsloftnet: Margir vilja hafa sjónvarp í sínu hjólhýsi og hentar þá betur að setja fast loftnet á húsið fremur en að vera með innloftnet á því. Þó svo að sums staðar séu sendiskilyrði það góð að góð mynd næst með innloftneti. Útilegumaðurinn annast ísetningu slíkra loftneta fyrir þá sem það kjósa.

- Munið að draga loftnetið niður áður en þið leggið af stað.

Útvarp og CD og DVD: Margir vilja láta koma fyrir útvarpi og CD spilara í sínu hjólhýsi. Er það eitt af því sem Útilegumaðurinn sér um að ganga frá í húsin. Mikilvægt er að slíkt tæki sé sett í af þeim sem þekkingu hefur til og reynslu af því að gera slíkt. Hjá okkur er útsjónarsemi og fagmennsku beitt við staðsetningu tækjanna í hjólhýsin og eigandinn nýtur fullkominnar ráðgjafar og aðstoðar við slíka ákvarðanatöku. Snýrilegur frágangur tækja, hátalara og auka sjónvarpskjá er aðalsmerki okkar.

Innverter: Þeir sem kjósa að nota 230 V rafmagnstæki sín þótt þeir séu ekki tengdir 230 V landrafmagni eiga þess kost að láta setja í hjólhýsin sín svokallaðan innverter (spennubreyti) sem breytir 12 v spennu í 230 V. Eru þeir til í mismunandi watta fjölda og velur fólk stærð hans með tilliti til þess sem það vill tengja við hann. Útilegumaðurinn annast ísetningu og allan frágang þeirra.

Útanáliggjandi gastengi: Þannig búnaður getur komið að góðum notum til að tengja grillið við eða gasofninn í fortjaldinu. Er því þá bara stungið í samband við gaskút hjólhýsins. Tengiboxið er sett utan á hjólhýsið á þeim stað sem þú helst kýst að hafa það.

Gasskynjarar: Margir kjósa að setja gasskynjara í hjólhýsið sitt og eitt er víst að alltaf er ákveðið öryggi í slíku aðvörunarkerfi.



Hafið samband við ráðgjafa Útilegumannsins ef ykkur vantar upplýsingar og ráðgjöf um hvað eina er varðar hjólhýsi og húsbíla.

Korputorgi
Sími: 551 5600

Aukahlutaverslun Útilegumannsins:

Heimasíða Útilegumannsins www.utilegumadurinn.is:

Útilegumaðurinn heldur úti heimasíðu og hefur hún verið vettvangur upplýsinga-streymis fyrirtækisins um vöru sýna og þjónustu. Síðan hefur verið mjög mikið heimsótt frá því hún fór í loftið. Sífellt eru unnar á síðunni einhverjar endurbætur og breytingar og hvetjum við ykkur að líta inn á hana sem oftast því jafnframt því að kynna vörur og þjónustu fyrirtækisins þá er hún líka vettvangur fréttu og nýunga sem gagnast geta þeim sem eiga hjólhýsi og húsbíl eða hafa í hyggju að fjárfesta í nýjum ferðavagni.





- Í lóðréttri stöðu eru kranarnir opnir en lokaðir séu þeir í láréttri stöðu



- Það fer svolítið eftir innréttingum hússins hversu mikil hætta því er búin af snjó sem safnast fyrir á þaki þess geymið þið það úti á vetrum.
Aðgætið hvernig ykkar hús stendur varðandi þessi mál.

- Winter ban er efni til að setja á ferskvatnskerfi hjólhýsins og ver það fyrir því að ekki frjósi í vatnsleiðslum og í vatnstanki.

- Skolið efnið vandlega úr áður en þið setjið neysluvatn á tankinn aftur.



- Gleymið ekki að hlaða rafgeyminn þegar húsið stendur ónotað lengi.

Hjólhýsið undirbúið fyrir veturinn.

Á haustin förum við að huga að því hvernig við best getum undirbúið ferðavagninn okkar fyrir veturinn. Mikilvægt er að hann komi vel undan vetri hvort sem við geymum hann innandyra eða utan.

Eitt mikilvægasta atriðið sem við þurfum að gæta vel að er að tæma allar vatnslagnir í húsinu bæði á neysluvatni og eins klósettinu. Þetta getum við best gert með því að opna alla krana sem á kerfinu eru (aftöppunarkranar við aldehitarann og boilerinn eiga að vera í lóðréttri stöðu, einnig við rafmagnshitara, sé hann í húsinu, en þann tappa þarf venjulega að skrúfa) og taka botntappann úr vatnstanknum og láta renna úr honum en setja hann aftur í þegar hættir að leka. Munið að opna kranana í eldhúsinu einnig og á baðinu og láta dæluna blása lofti örlitla stund. Gott getur einnig verið að blása lofti í kerfið til að tryggja enn betur að ekkert vatn sitji í vatnsdælunum. Hafið síðan kranana við boilerana og aldekerfið opna þannig að loft geti leikið um lögnina ef vagninn stendur inni en sé hann úti er ráðlegt að setja tappann í vatnstankinn, en hafa alla aðra krana opna.

Klósettið tæmið þið einfaldlega með því að láta allt renna úr tanknum með því að sturta niður þangað til dælan fer að blása lofti. Tæmið síðan kasettuna og skolið hana vel og látið hana svo standa tóma í vetur.

Gott getur verið að láta dýrnarnar úr rúmum og sætum standa upp á rönd í stað þess að liggja flatar. Þetta kemur í veg fyrir það að í þeim verði einhver fúkkalykt í vor. Fjarlægjið einnig úr húsinu öll matvæli, þau gætu skemmt og valdið skemmdum. Látið ísskáp og frystihólf standa opin.

Ef húsið á að standa úti í vetur er mikilvægt að finna því skjólgóðan stað t.d. við húsvegg eða í trjárjóðri þar sem vetrarveður mæða ekki um of á því. Setjið allar stuðningsfæturna niður og látið það hvíla sem mest á þeim. Metið sjálf hvort nauðsynlegt sé að binda húsið niður vegna hvassviðris. Teljið þið svo þá skuluð þið binda í grind hússins (eða stuðningsfætur) og hæla það vel niður. Setjið fyrir öndunarristarnar við ísskápinn og bakarofninn. Gott væri líka að loka útöndun miðstöðvarinnar sem er stúturinn uppi á toppi hjólhýsisins svo ekki skafi inn um hann. Gætið einnig þess að allir gluggar og hurðir séu vel lokað. Sé gasboiler í hjólhýsinu gætið þá að því hvort lok á útöndun hans sé ekki vel fast á sínum stað. Standi húsið úti gætið þá að því að ekki safnist mikill snjór á þak hússins. Þak hússins ber ekki ótakmarkaða þyngd þó svo að fullorðnum manni sé óhætt að ganga á þakinu þá getur þykk blaut snjóþekja orðið of þung þannig að þakið svigni og jafnvel brotni. Sé hætta á ferðum mokið þá snjónum af húsinu við þessar aðstæður.

Til að tryggja sem lengsta nýtingu rafgeymisins er æskilegt að hlaða hann ca. annan hvern mánuð hvort sem húsið stendur inni eða úti. Það getum við gert með því að stinga húsinu í samband svona einn sólarhring í einu eða með því að taka rafgeyminn úr og hlaða hann með hleðslutæki.

Gas er skynsamlegt að aftengja og jafnvel að fjarlægja úr ferðavagninum því ekki þarf að útskýra fyrir neinum hvað gæti gerst ef eldur yrði laus í geymslurýminu. Plastkútarnir springa að vísu ekki en mikill eldur getur gosið upp þegar þeir bráðna.

Farið vel yfir tryggingamál ykkar, er ferðavagninn ykkar tryggður í geymslunni? Tryggir leigusali ykkar vagninn á meðan hann er hjá honum. Kannið þetta og verið viss um það hvar þið standið.

Hagnýtar upplýsingar um:



-Blandið efnið rétt í tankinn 50 ml duga í 500 lítra af vatni.



- Farið eftir leiðbeiningunum á brúsanum. 500 ml duga í u.þ.b. 160 lítra vatnstank.



Aqua clean: Drykkjarvatn þarf að vera bakteríufrítt. Almennt séð er vatn í Norður-Evrópu í háum gæðaflokki. Engu að síður er þó nokkuð algengt að gerlar finnast í drykkjarvatni. Þetta gerist í hvert sinn sem við geymum vatn yfir lengri tíma. Gerlar finnast einnig í slöngum og krönum þar sem þú fyllir á vatnið. Sérstaklega geta þó endar á vatnsslöngum mengast af gerlum vegna óhreinna vatnstanka frá fyrri notendum eða óhreinni geymslu. Eftir mengun frá einungis nokkrum gerlum geta þeir fjölgað sér á hreint ótrúlegum hraða sem þó er háð hitastigi. Til þess að hafa drykkjarvatnið hreint og til þess að geta geymt drykkjarvatn í lengri tíma mælum við eindregið með notkun AQUA CLEAN. AQUA CLEAN er efni sem er unnið úr silfri og er þar af leiðandi bakteríudrepandi. Það tekur um það bil 4 klst. að gerilsneyða vatn, þó með tilliti til gerilfjölda. Þar sem silfur eyðist mjög hægt í vatni getur vatnið þitt verið gerilsnautt í allt að 6 mánuði. AQUA CLEAN er bæði bragð- og lyktarlaust. Silfurmagn AQUA CLEAN fer ekki yfir það magn sem uppgefið er sem hámark hjá íslenskum yfirvöldum og er samþykkt af Hollustuvernd ríkisins.

PURA TANK: Hreinsar og bakteríuhreinsar vatnstanka, dælur, slöngur, rör og krana og er algjörlega skaðlaust mönnum. Að geyma vatn við ljós og hita eru kjör- aðstæður fyrir vöxt gerla. Þess vegna mælum við með því að þú hreinsir drykkjarvatnskerfið þitt (einu sinni til tvisvar á ári) með PURA TANK. PURA TANK er sýklahreinsandi efni byggt á súrefni og er laust við klór. Atóm súrefnis drepur sýkla, gerla og aðra mengunarvalda við snertingu. Aðal kostir PURA TANK eru þeir að það vinnur án klórs og hefur það engin áhrif á bragð né lykt vatnsins. PURA TANK er umhverfisvænt þar sem það brotnar einungis niður við súrefni og vatn og getur þess vegna verið losað út í umhverfið án nokkurra vandkvæða. Efnið þarf að liggja í leiðslum og tanki í u.þ.b. einn sólarhring, en þá þarf að skola það vel út með því að fylla tankinn og láta renna úr öllum krönum.

CLEAN A TANK: Gegn kalk-úrgangi í vatnstönkum og slöngum. Hjálpar þér við að bæta bragð og lykt á drykkjarvatni. CLEAN A TANK er byggt á náttúrulegri sítrónusýru og silfri. Silfrið ver vatnskerfið þitt gegn gerlamengun.

Almennt: *Notaðu aldrei vatn af óþekktum uppruna. Sodið vatn þarf nast 10-20 mín. suðu áður en það verður gerilsnautt. Gerlar geta fjölgað sér með ótrúlegum hraða með tilliti til ljóss og hita. Á mörgum stöðum er vatn klórmengað. Aukameðferð á vatni með efnum sem unnin eru úr klór geta valdið eiturefnaáhrifum.*